

GJALDSKRÁ

vegna móttöku og hreinsunar á seyru í Hrunamannahreppi.

1. *Almennt.*

Hrunamannahreppur innheimtir gjald skv. gjaldskrá þessari fyrir móttöku og hreinsun seyru, sbr. samþykkt um fráveitur í Hrunamannahreppi nr. 909/2010 og samstarfssamning sveitarfélaganna Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Flóahrepps og Ásahrepps varðandi móttöku og hreinsun á seyru.
2. *Móttökugjöld að Flatholti 2, Flúðum (Seyrustaðir).*

Móttökugjald á hreinsaða seyru er kr. 31 + vsk á kg.
3. *Hreinsunargjald vegna tæmingar rotþróa:*
 - a) *Aðildarsveitarfélög:*

Sveitarfélögin greiða kr. 500 á hvern ekinn km vegna reksturs hreinsibifreiðar.
Aukalosanir á rotþró í tengslum við aðra hreinsun kr. 36.000 á stk. og kr. 500 á km
Aukalosanir á rotþró sem sérferð kr. 86.000 á stk. og kr. 500 á km
Aðildarveitarfélögin sjá um að innheimta hvert fyrir sig viðkomandi aukalosanir á rotþróum í sínu sveitarfélagi og setja sér sérstakar gjaldskrár varðandi þá þjónustu ef þau kjósa að nota ekki þessa gjaldskrá.
 - b) *Aðrir aðilar:*

Rotþró undir 6 m³ kr. 36.000 á þró auk kr. 500 á hvern ekinn km
Rotþró yfir 6 m³ kr. 5.000 á m³ auk kr. 500 á hvern ekinn km
Að auki er síðan greitt móttökugjald fyrir hvert kg seyrunnar skv. 2. lið gjaldskrár þessarar.
4. *Önnur ákvæði.*
 - a) Virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt bætist við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma hjá öðrum aðilum en aðildarsveitarfélögunum.
 - b) Gerð er krafa um að hreinsuð seyra sem mótekin er á Seyrustöðum sé eins hrein og kostur er og að aðskotahlutir fylgi ekki með. Ef þarf að hreinsa seyru vegna aðskotahluta er heimilt að innheimta 25% álag á móttökugjaldskrá.
 - c) Sveitarfélögin hafa forgang um að nýta hreinsibifreið fyrir sínar þarfir áður en seld er út þjónusta til annarra aðila.
 - d) Almennt er móttaka á Seyrustöðum háð tíðar- og veðurfari varðandi afsetningu á seyru og sveitarfélögin eru ekki skuldbundin til að móttaka seyru nema hægt sé að koma henni í afsetningu.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í stjórn seyruverkefnisins þann 26. nóvember 2020 og sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 10. desember 2020, er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og á grunni samþykktar um fráveitur í Hrunamannahreppi nr. 909/2010. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Hrunamannahreppi, 10. desember 2020.

Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri.